



Atvinnuleysi á fleygiferð upp á við og vinnumarkaðurinn á áður óþekktum slóðum

Starfandi fólki á vinnumarkaði fækkar milli ára

Samkvæmt niðurstöðum vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar er áætlað að um 203 þús. manns hafi verið á vinnumarkaði í febrúar 2020, sem jafngildir 78,2% atvinnuþátttöku. Af þeim voru um 192.900 starfandi og 10.200 atvinnulausir. Starfandi fólki fækkaði um 1.800 milli febrúarmánaða 2019 og 2020, og atvinnulausum hafði fjölgað um 3.700 milli ára.

Aukið atvinnuleysi en mismunandi mælingar

Eins og áður segir voru 10.200 manns atvinnulausir í febrúar samkvæmt vinnumarkaðskönnun, eða um 5% af vinnuafla, sem er 1,8 prósentustigum hærra en í febrúar árið áður.




Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar voru tæplega 9.800 skráðir atvinnulausir í lok febrúar, sem einnig samsvarar 5% atvinnuleysi.

Tölur Hagstofunnar eru byggðar á úrtakskönnun þar sem sveiflur eru oft töluverðar milli mánaða. Tölur Vinnumálastofnunar sýna hins vegar skráð atvinnuleysi, þ.e. fjölda þeirra sem fá greiddar út atvinnuleysisbætur.

Tölur Hagstofunnar og Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi hafa sýnt svipaða niðurstöðu síðastliðið ár sé litið til 12 mánaða hlaupandi meðaltals.

Niðurstöður bæði Hagstofu og Vinnumálastofnunar eiga eftir að taka stór stökk upp á við þegar tölur berast fyrir mars og næstu mánuði. Samkvæmt tölum á hádegi 30. mars frá Vinnumálastofnun höfðu u.þ.b. 25.000 manns þá sótt um atvinnuleysisbætur í mars. Þar af höfðu um 20.000 sótt um hlutabætur vegna skerts starfshlutfalls, þar af meira en helmingur vegna 75% skerðingar.

Í lok síðustu viku spáði Vinnumálastofnun því að atvinnuleysi í apríl og maí verði það mesta sem mælst hefur á Íslandi. Vinnumálastofnun spáir 10,8% atvinnuleysi í apríl og um 10% í maí og að það





fari svo lækkandi eftir það. Þá spáir Vinnuálastofnun að meðalatvinnuleysi yfir árið verði um 7,4% og á næsta ári geti það orðið 6,4%.

Atvinnuþátttaka minnkar enn

Atvinnuþátttakan hefur minnkað nokkuð stöðugt á síðustu misserum og var komin undir 80% í lok síðasta árs. Nú í febrúar var atvinnuþátttaka 78,2% samanborið við 79% í febrúar 2019. Meðalatvinnuþátttaka síðustu 12 mánuði var 80,9% samanborið við 81,7% í febrúar á síðasta ári. Atvinnuþátttakan fer því enn minnkandi og eins og áður hefur komið fram í *Hagsjám* er ekki ólíklegt að þessi þróun hafi að einhverju leyti sýnt falið atvinnuleysi þar sem jaðarhópar hafi kosið að hverfa af vinnumarkaði í erfiðu árferði.

Vinnuafslnotkun minnkar


Fjöldi starfandi fólks dróst saman um 0,9% milli febrúar 2019 og 2020. Meðalvinnutími lengdist um 0,3% á sama tímabili og heildarvinnuafsstundum fækkaði því um 0,7% milli ára. Vinnuafslnotkun hafði aukist nokkuð samfelld allt frá árinu 2012, mestmegnis vegna þess að starfandi fólki hefur fjölgað mikið. Sköpun starfa virtist því haldast nokkuð vel í hendur við fjölgun á vinnumarkaði á þeim tíma. Vinnuafslnotkun hefur nú dregist saman tvo mánuði í röð og miðað við aðstæður í efnahagslífinu er þess að vænta að þróunin verði hröð niður á við á a.m.k. allra næstu mánuðum.

Staðan hefur gjörbreyst á stuttum tíma


Aðstæður á vinnumarkaði hafa gjörbreyst á örskömmum tíma líkt og aðrar aðstæður í hagkerfinu. Upp á síðkastið hefur umfjöllun um vinnumarkað í *Hagsjám* verið á þann hátt að styrkur markaðarins væri þokkalega góður miðað við allar aðstæður. Nú hefur staðan gjörbreyst.

Atvinnuleysi mun aukast verulega á næstu mánuðum. Nú er reiknað með að nýjar reglur um hlutaatvinnuleysisbætur gildi út maí, en líklegt verður að teljast að framlengja þurfi möguleika til töku þeirra. Eins og gildir um stóra hluta hagkerfisins er vinnumarkaðurinn nú á áður óþekktum slóðum og því erfitt að spá um hvenær tekur að birta til aftur.


Skráð atvinnuleysi - meðaltal hvers árs



Atvinnuþátttaka



Atvinna og vinnutími - feb. 2020





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.